

HVERS VEGNA BLINDSKRIFT?



Þegar rætt er um námsefni í tölvufræði, gleymist oft að mestöll samskipti okkar við tölvu fara fram í gegnum lyklaborð. Því hlýtur það að draga mjög verulega úr gæðum slíkra samskipta, ef svo má að orði komast, að þurfa að eyða miklum tíma í að leita að þeim lyklum á lyklaborðinu sem nota skal.

Þegar notandi hefur ekki á valdi sínu að nota lyklaborðið blindandi, eyðir hann alltof miklum hluta **orku** sinnar og **tíma** í að leita að réttum lyklum. Það fer einnig mikill **tími** og **orka** í að flytja augun milli handrits, lyklaborðs og skjás. Einnig **eykst villufjöldinn** mikið, ef ekki er hægt að horfa á orðið um leið og það er vélritað.

Vélritun í námi

Í námsskrám í framhaldsskólum er tekið fram að færni í notkun tölvu og ritvinnslu byggist mjög á því að nemendur hafi gott vald á fingrasetningu í vélritun. Nemendur verða að hafa öðlast nægilega færni til að geta notfært sér tölvur í öðrum námsgreinum, t.d. við frágang skólaritgerða og skýrslna.

Atvinnumöguleikar

Þegar fyrirtæki voru spurð hvaða æskilega þekkingu nemendur þyrftu að hafa í tölvu til að fá vinnu hjá þeim var svarið oftast að nemendur kynnu blindskrift á lyklaborðið.

Það er hverjum tölvunotanda nauðsynlegt að hafa þjálfun í blindskrift og raunar því nauðsynlegra því meiri sem samskipti hans við tölvur eru meiri.

